

7. fundur Betadeildar starfsárið 2018 – 2019 haldinn 17. maí kl. 19:30 á Hótel Kjarnalundi

1. Sigríður setti fund, bauð konur velkomnar og flutti kveðjur frá fjarstöddum konum. Helena kveikti á kertum vináttu, trúsemi og hjálpsemi.
2. Anna Þóra hafði orð til umhugsunar og var vorkoman hennar þema. Í bundnu og óbundu máli fjallaði hún um hvernig lífið vaknar á vorin og sálin hressist. Myndrænar lýsingar hennar og þankabrot vöktu sannarlega upp dýrðarupplifanir og heimspekilegar hugsanir um vorkomuna og áhrif hennar, ekki hvað síst fyrir kennara þar sem vorið kallar alltaf á ákveðin tímaskil, uppskeru, eins og hluti af hringrás kennarastarfsins.
3. Elín las fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.
4. Erindi frá stjórn:
 - Sigríður fór yfir helstu þætti í vetrarstarfi Betadeildar undir yfirskriftinni Brasað í Beta og hvernig þemað okkar *nærandi samfélag* hefur birst í starfinu með ýmsum hætti svo sem með margskonar fræðslu og góðri þátttöku kvenna í félagsskapnum. Hún minnti Betakonur sérstaklega á hvernig þær láti sig heiminn varða m.a. með afmælisgjöfum á stórafmælum og söfnunarpýngjunni góðu. Eygló fékk sérstakt hrós fyrir sína góðu vefumsjón. Einnig hafði Sigríður orð á því að lengi mætti gott bæta og gerði að markmiði sínu að efla sig í fundarstjórn um leið og hún tjáði tilhlökkun sína fyrir áframhaldandi brasi í Betadeild. Eftir gott klapp fyrir skýrslu formanns fékk María Gunnarsdóttir orðið eða öllu heldur gaf hún tóninn og tóku konur vel undir í söng.
 - Á þessum tímapunkti var komið að kvöldverði en fundarstörfum haldið áfram að honum loknum.
 - Framkvæmdaráðsfundur var haldinn 3. maí og þar mættu úr Betadeild þær Aníta, Eygló og Jónína. Eygló sagði fréttir af framkvæmdaráðsfundi og landssambandsþingi. Fram fór kosning í stjórn landssambandsins til tveggja ára og voru tvær Betakonur kosnar í stjórn þær Jónína Hauksdóttir sem varaforseti og Aníta Jónsdóttir sem ritari. Sagt var frá styrk sem Aníta Jónsdóttir hlaut úr námsstyrkjasjóðnum. Einnig hafi Ingileif Ástvaldsdóttir í Mýdeild fengið styrk úr sjóðnum. Eygló minnti konur á að hægt sé að skoða allt um þingstörfin inni á heimasíðu DKG undir þættinum þing og námskeið Á þinginu var m.a. farið yfir laga- og reglugerðabreytingar sem gerðar hafa verið á okkar lögum til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á síðasta alþjóðþingi í Austin í Texas. Eftir lagabreytingar getur kona sótt um aðild í deild DKG en eins og áður er það á valdi deilda hvernig inntöku er háttað. Konur í menntatengdu háskólanámi geta orðið aukafélagar í DKG. Eygló minnti konur á að skoða vel lagabreytingar. Eygló færði einnig fréttir af nýjum nælum sem alþjóðasambandið hefur látið framleiða og ætlaðar eru fráfarandi forsetum en þeir afhenda sína forsetanælu nýjum forseta. Eygló sagði einnig frá tveimur erindum á landssambandsþinginu. Annað flutti Lace-Marie Brogden annar varaforseti alþjóðasambandsins þar sem hún fjallaði um forystu og mikilvægi þess að nýta styrkleika sína í stjórnun og móta sinn eigin stjórnunarstíl eftir þeim. Sigrún Aðalbarnardóttir prófessor og félagskona í Gammadeild flutti erindi um lífssögur ungs fólks og hvaða veganesti reynist þeim gott í lífinu.
 - Sigríður flutti ósk frá viðburðanefnd um að konur gefi sig fram til að sinna hlutverki gestgjafa við hátíðarkvöldverðinn á alþjóðaráðstefnunni í sumar. Gestgjafi bjóði konur velkomnar, stýri kynningu kvenna við borðið og segi m.a. frá tilurð og innihaldi gestgjafagjafar sem hver og ein kona fær. Eygló nefndi að einnig vantaði konur til að

vera á sveimi og aðstoða í hléum. Þær konur sem ákveðnar voru í að fara á ráðstefnuna tóku allar vel í að sinna þessum hlutverkum.

- Martha gjaldkeri sagði nýjar lagabreytingar hafa þau áhrif að greiðslur þurfi að berast fyrir til landssambandsins eða 30. Júní. Hún bað konur um að greiða fyrir 15. Júní, 17.000 og af þeirri upphæð fara 8.000 kr. til landssambandsins og 1.000 kr. í Elísabetarsjóðinn. Fyrir þennan fund voru 90.000 kr. í pyngjunni góðu. Rætt var um að 100.000 færu í menntunarsjóð stúlkna.
- Sigríður fór yfir allar starfandi nefndir innan Betadeildar og rifjaði upp með nefndarkonum það sem fram hefur farið í nefndunum í vetur. Í útbreiðslunefnd eru Jóhanna Sigrún, Fríða og Sigríður og mun sú nefnd huga að fjölgun næsta haust. Bað nefndin konur að huga að nýjum konum. 5. októbernefndin sá um samræðuþing á alþjóðadegi kennara 2018. Í nefndinni eru núna Helena, Erna og Elín úr Betadeild ásamt Björgu Sigurvinsdóttur og Magneu Helgadóttur úr Mýdeild. Hafinn er undirbúningur að næsta samræðuþingi og búið að funda með fulltrúum kennarafélaga. Sjóðsnefnd er um Elísabetarsjóðinn og hana skipa Anna Þóra, Þorgerður og Jóhanna Sigrún. Sú nefnd hefur nýlega farið yfir reglur sjóðsins og ferli fyrir umsóknir og allt um það orðið skýrt á heimasíðu. Rætt var um að skrá starfandi nefndir á heimasíðuna.
- Sigríður fór yfir nýleg merkisafmæli kvenna í Betadeild og einnig væntanleg. Árið 2019 er mikið stórafmælisár í hópi Betakvenna.
- Halldóra Haraldsdóttir var kvödd þar sem hún er að flytja suður yfir heiðar. Sigríður rifjaði upp með Halldóru eitt og annað úr veru hennar í Betadeild. Halldóra gerðist félagskona í desember 1997 og var formaður 2004 – 2006. Þá var margt spennandi í gangi hjá félaginu m.a. gróðursett í Kvennareit þann 2. Júní 2005 á afmælisdegi Betadeildar. Meginþemað þessi ár var að styrkja okkur sjálfar, að efla samkennd í hópnum og auka þekkingu á grenndarsamfélaginu og einkum þá í tengslum við störf kvenna. Útfærsla þessa viðfangsefna var síðan ákveðin á þann hátt að á hverjum félagsfundi færi fram kynning á konum á Eyjafjarðarsvæðinu sem höfðu látið að sér kveða. Halldóra átti mikinn þátt í því að byrjað var að safna í pyngjuna góðu. Halldóra fékk blóm og miklar þakkir fyrir hennar góða framlag í Betadeild. Halldóra þakkaði samveru og samstarf í yfir tuttugu ár sem hún sagði hafa fært sér lærdóm, orku og tækifæri til svo margs.

Kaffihlé var gert og gæddu konur sér á dýrindissúkkulaðiköku og kaffi.

5. Dregið var í happdrættinu og var það Sigríður Magnúsdóttir sem hlaut vinninginn. Aftur gaf María tóninn fyrir næsta lag og að söng loknum gekk pyngjan góða.
6. Sigríður bað Helenu að slökkva á kertunum og sleit formlegum fundi kl. 21:40.

Fundargerð ritaði Elín E. Magnúsdóttir